

## Verklagsreglur

### við veitingu umsagna um rekstrarleyfi hjá Borgarbyggð skv. lögum nr. 85/2007.

#### 1. gr. Skyldur sveitarfélags vegna umsagna

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007 ber sýslumanni (leyfisveitanda) að leita umsagnar sveitarstjórnar um eftirfarandi atriði:

1. Að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála.
2. Að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu.
3. Að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um.
4. Að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og, þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist.
5. Að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati slökkviliðs.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 52. gr. samþykktar um stjórn Borgarbyggðar hefur sveitarstjórn veitt sveitarstjóra umboð til þess að gefa umsagnir um rekstrarleyfi og þarf því ekki að leggja slíkar umsagnir fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð til samþykktar. Sveitarstjóra er þó heimilt, að leggja umsagnir fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn til afgreiðslu skv. 2. mgr. reglnanna.

#### 2. gr. Veiting umsagna

Sýslumaður sendir beiðni um umsögn til sviðsstjóra stjórnarsýslu- og þjónustusviðs sem áframsendir beiðni um umsögn til eftirfarandi aðila:

1. [Byggingarfulltrúa Borgarbyggðar \(bygg@borgarbyggd.is\)](mailto:bygg@borgarbyggd.is) sem veitir umsögn um töluliði 1-3 hér að ofan. Byggingarfulltrúa ber að leita álits skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins á þeim hluta umsagnar sem varðar skipulagsskilmála í 1. og 3. tölul. 1.gr. Skipulagsfulltrúi skilar athugasemdum sínum til byggingarfulltrúa með tölvupósti. Jafnframt ber byggingarfulltrúa að upplýsa í umsögn sinni ef þörf er á deiliskipulagsbreytingu og/eða ef þörf er á grenndarkynningu starfseminnar skv. 3. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016 eða annars konar kynningu fyrir hagsmunaaðilum. Jafnframt kannar byggingarfulltrúi hvort leyfisumsækjandi hefur forræði á þeirri fasteign sem viðkomandi hyggst hefja rekstur í, hvort viðkomandi mannvirki uppfyllir kröfur laga um mannvirki, svo og annarra laga, reglugerða og samþykta er byggingarmál varða. Jafnframt kannar byggingarfulltrúi hvort næg bílastæði fylgi lóð skv. viðmiðum í reglum Borgarbyggðar um gististaði innan sveitarfélagsins.
2. [Heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins \(heilbrigdisnefnd@hev.is\)](mailto:heilbrigdisnefnd@hev.is) sem veitir umsögn um 4. tölul. hér að ofan. Þarf heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins meðal annars að staðfesta að þeir þættir sem tilgreindir eru í 3. mgr. 27. gr. rgl. 1277/2016 séu til staðar
3. [Eldvarnareftirlitsmanns Borgarbyggðar \(heidarorn@borgarbyggd.is\)](mailto:heidarorn@borgarbyggd.is) sem veitir umsögn um 5. tölul. hér að ofan.

Ef þörf krefur að fara í úttekt í það húsnæði sem rekstrarleyfi varðar sér byggingarfulltrúi Borgarbyggðar um að skipuleggja tímasetningu fyrir úttekt sína og eldvarnareftirlitsmanns. Heilbrigðiseftirlit skipuleggur sína úttekt og tímasetningu hennar. Ef fyrir liggur að umsögn byggingarfulltrúa verði neikvæð vegna skilmála skipulags svæðisins er ekki þörf á að fara í úttekt

húsnæðisins og ber byggingarfulltrúa að upplýsa aðra umsagnaraðila um leið og sú niðurstaða liggur fyrir.

### **3. gr. Tímafrestir**

Umsagnir ofangreindra aðila ber að senda til sviðsstjóra stjórnslu- og þjónustusviðs sem sendir heildarumsögn til sýslumannsins á Vesturlandi í umboði sveitarstjóra. Umsagnir þurfa að berast sviðsstjóra stjórnslu- og þjónustusviðs innan 30 daga frá því umsagnarbeiðni berst.

Sviðsstjóri stjórnslu- og þjónustusviðs hefur heimild til að meta hvort ástæða sé til þess að leggja umsögn fyrir byggðarráð eða sveitarstjórn til afgreiðslu að fengnum umsögnum.

### **4. gr. Rökstuðningur umsagnaraðila**

Ef einhver umsagnaraðila veitir neikvæða umsögn til sviðsstjóra stjórnslu- og þjónustusviðs ber umsagnaraðila að rökstyðja ítarlega ástæðu þess að neikvæð umsögn er veitt. Í umsögn ber að minnsta kosti eftirfarandi að koma fram:

1. Á hvaða laga- og/eða reglugerðarákvæðum neikvæð umsögn byggir.
2. Efnisleg umfjöllun og heimfærsla laga- og reglugerðarákvæða á tilvikið sem um ræðir.
3. Ef við á ber að leiðbeina umsækjanda um hvað þurfi að gera svo mögulegt sé að veita jákvæða umsögn.
4. Ef neikvæð umsögn er veitt án þess að farið hafi verið í úttekt í það húsnæði sem rekstrarleyfi varðar þarf að áskilja umsagnaraðila rétt til þess að gera frekari athugasemdir ef leyst hefur verið úr viðkomandi annmarka og forsendur eru fyrir því að fara í úttekt í húsnæðið.

Við veitingu jákvæðrar umsagnar er ekki þörf á rökstuðningi nema þess sé sérstaklega óskað af hálfu sviðsstjóra stjórnslu- og þjónustusviðs.

### **5. gr. Andmælaréttur**

Þegar neikvæð umsögn berst frá umsagnaraðila ber sviðsstjóra stjórnslu- og þjónustusviðs að veita umsækjanda andmælarétt vegna neikvæðrar umsagnar. Andmælaréttur skal að lágmarki vera 7 dagar. Í tölvupósti til umsækjanda þarf að áskilja staðfestingu móttöku tölvupóstsins. Ef móttaka tölvupóstsins er ekki staðfest þarf að veita andmælarétt með ábyrgðarbréfi til viðtakanda.

Ef athugasemdir berast frá umsækjanda skal bera þær undir umsagnaraðila sem skal kanna athugasemdir og meta hvort þær breyti þeirri umsögn sem veitt hefur verið. Umsagnaraðila ber að leggja mat á athugasemdir umsækjanda og veita sviðsstjóra rökstuðning um hvort þær eigi að breyta umsögn eða ekki.

### **6. gr. Úrbætur umsækjanda**

Ef umsagnaraðili telur einhverja annmarka vera á umsókn, en þó ekki slíka að ástæða sé til að hafna leyfisveitingu skal hann í umsögn sinni lýsa því hvaða úrbætur þurfi svo unnt sé að mæla með leyfisveitingu og mæla með hæfilegum fresti til þess að ljúka úrbótum, sbr. 6. mgr. 26. gr. rgl.

Þegar úrbótum er lokið og umsagnaraðili fengið staðfest að þeim sé lokið sendir umsagnaraðili tilkynningu þess efnis til sviðsstjóra sem upplýsir sýslumann um að sveitarfélagið geri ekki athugasemdir við leyfisveitingu.

Hafi ekki borist staðfesting umsækjanda á að úrbótum sé lokið við það tímamark sem umsagnaraðili setur sendir umsagnaraðili lokaðvörun og óskar eftir því að staðfesting berist að úrbótum sé lokið

innan 7 daga frá dagsetningu bréfsins. Að þeim tíma loknum sendir umsagnaraðili staðfestingu til sviðsstjóra um að úrbótum hafi ekki lokið innan tímamarka sem tilkynnir það til sýslumanns.

Berist beiðni umsækjanda þess efnis að fá lengri frest til úrbóta skal óska eftir því að umsækjandi sendi inn úrbótaáætlun sem umsagnaraðili getur samþykkt og veitt lokafrest til úrbóta.

#### **7. gr. Samskipti við sýslumann**

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016 ber að veita umsögn sveitarstjórnar eigi síðar en 45 dögum frá móttöku erindis sýslumanns.

Ef ekki er unnt að veita umsögn innan þeirra tímamarka, ber sviðsstjóra stjórnslu- og þjónustusviðs að óska eftir auknum fresti innan þeirra tímamarka og tilgreina ástæður tafanna.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. mars 2021